

Rammaáætlun

Kynningarfundur í Þjóðminjasafninu 29. janúar 2015

Rammaáætlun

– staðan og næstu skref



environice

Stefán Gíslason

MSc Umhverfisstjórnun

Environice, Borgarnesi

formaður verkefnisstjórnar

verndar- og orkunýtingaráætlunar



stefan@environice.is
<http://www.ramma.is>

Umfjöllunarefni

1. Sagan
2. Lagaramminn
3. Fólkið
4. Ferlið
5. Aðferðafræðin
6. 3. áfanginn
7. Forgangsröðunin



Sagan

- **1971: Ný náttúruverndarlög**
- **1972-1993(?): SINO-nefndin (Samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál)**
- **1989: Þingsályktun um um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða**
- **1999-2003 = 1. áfangi rammaáætlunar**
- **2004-2012 = 2. áfangi rammaáætlunar**
- **2013-2017 = 3. áfangi**



Lagaramminn

- **Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (16. maí)
(tóku að fullu gildi með samþykkt þingsályktunar 14. jan. 2013)**
- **Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða
(samþykkt 14. janúar 2013)
(= núgildandi „Rammaáætlun“)**
- **Reglugerð nr. 530/2014 um virkjunarkosti í verndar- og
orkunýtingaráætlun (5. júní)**



Fólkið

- **Umhverfiráðherra skipar 6 manna verkefnisstjórn til fjögurra ára**
 - Tvo án tilnefningar, þ.á m. formann
 - Tvo tilnefnda af ráðherra orkumála
 - Einn tilnefndan af ráðherra menningarminja
 - Einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- **Verkefnisstjórn er ráðherra til ráðgjafar**
- **Verkefnisstjórn skipar faghópa**
- **Faghópar í 3. áfanga:**
 - Faghópur 1 um náttúru og menningarminjar
 - Faghópur 2 um aðra nýtingu (ferðamennska, hlunnindi o.fl.)
 - Faghópur 3 um samfélagsleg áhrif (í skoðun)



Ferlið (1)

1. Virkjunaraðili sendir beiðni til Orkustofnunar um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost (virkjunarhugmynd)
 - Beiðni fylgir lýsing á fyrirhugaðri virkjun, áætluðum virkjunarstað, helstu mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem henni tengjast samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 530/2014
2. Orkustofnun metur hvort virkjunarkostur sé nægilega skilgreindur og sendir hann síðan til verkefnisstjórnar til umfjöllunar
3. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði falið verkefnisstjórn að fjalla um virkjunarkosti
4. Verkefnisstjórn og faghópar afla gagna um náttúrufar, menningarminjar, aðra nýtingu o.s.frv.



Ferlið (2)

5. Verkefnisstjórn fjallar um virkjunarkosti og þau landsvæði sem viðkomandi virkjunarkostir hafa áhrif á að hennar mati
 - Samræmd viðmið og almennt viðurkenndar aðferðir
 - Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu
6. Verkefnisstjórn leitar umsagnar Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ferðamálastofu um hvort fyrirbyggjandi gögn varðandi einstaka virkjunarkosti séu nægjanleg
7. Faghópar raða virkjunarkostum í forgangsröð með tilliti til allmargra ólíkra viðmiða (berggrunnur, plöntur, fiskar, vistgerðir, víðerni, fornminjar, afþreyingarmöguleikar, veiði, beit, o.s.frv.)



Ferlið (3)


8. Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um röðun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða
 - Virkjunarkostir og landsvæði flokkuð í orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk
9. Tillögur verkefnisstjórnar í opnu umsagnarferli í minnst 12 vikur
 - (Frábrugðið því sem var í 2. áfanga)
10. Verkefnisstjórn leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðherra
11. Ráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar („eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti“)
12. Alþingi fjallar um tillögu ráðherra og samþykkir „nýja rammaáætlun“



Ferlið (samantekt)

Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun


Virkjunarkostir – hugmyndir virkjunaraðila



Aðferðafræðin



- Samræmd viðmið og almennt viðurkenndar aðferðir
- Aðferðafræðin byggir á röðun virkjunarkosta, þar sem hver einstakur kostur er borinn saman við hvern hinna kostanna um sig m.t.t. allmargra mismunandi viðfanga (þátta) (innbyrðis röðun en ekki einkunnagjöf á ákveðnum kvarða)
- => Erfitt eða útilokað að flokka virkjunarkosti og landsvæði (í nýtingu, bið og vernd) nema fengist sé við nokkra kosti samtímis



3. áfanginn (fyrri hluti)

- 25. mars 2013: Verkefnisstjórn skipuð
- Júlí 2013: Viðauki (um flýtimeðferð 8 virkjunarkosta)
- Mars 2014: Tillaga verkefnisstjórnar (um Hvammsvirkjun)
- Mars 2014: Bráðabirgðalisti Orkustofnunar (91 virkjunarkostur)
- Júní 2014: Reglugerð um virkjunarkosti
- Janúar 2015: Áfangaskil Orkustofnunar (50 virkjunarkostir af 88)
- Janúar-febrúar 2015: Vinna faghópa hefst af fullum krafti
- Febrúar-mars 2015: Endanlegur listi Orkustofnunar



3. áfanginn (síðari hluti)

- Febrúar til vors 2015: Gagnaöflun, undirbúningur rannsókna o.fl.
- Sumar 2015: Rannsóknir o.fl.
- Haust 2015 til ársloka: Úrvinnsla rannsókna og vinna faghópa
- Janúar-mars 2016: Drög að tillögu verkefnisstjórnar
- Apríl 2016 til hausts: Umsagnarferli og lokafrágangur
- Haust 2016: Tillaga verkefnisstjórnar afhent ráðherra
- Haust/vetrarbyrjun 2016: Ráðherra tekur tillögur til skoðunar
- Haust/vetrarbyrjun 2016: Umsagnarferli ráðherra (ef þarf)
- Árslok 2016: Ráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar
- Ársbyrjun 2017: Alþingi fjallar um tillögu ráðherra og samþykkir „nýja rammaáætlun“

(Ath.: Tímasetningar settar fram með fyrirvara)

Forgangsröðun

- **Æskilegt að taka fyrir alla kostina sem Orkustofnun leggur fram**
- **Fjármagn og tími gera forgangsröðun nauðsynlega**
- **Verkefnisstjórn telur eðlilegt að óskir virkjunaraðila gangi fyrir**
 - **U.þ.b. 43 virkjunarkostir af u.þ.b. 88**
- **Virkjunarkostir í orkunýtingarflokki og verndarflokki (úr 2. áfanga) verða því aðeins metnir að nýju að forsendur hafi breyst, svo sem ef fram hafa komið nýjar og betri upplýsingar**
 - **Eftir standa væntanlega u.þ.b. 26-30 virkjunarkostir sem metnir verða í 3. áfanga**



Virkjunarkostir sem flokkaðir voru í orkunýtingarflokk eða verndarflokk í 2. áfanga

- „*Verkefnisstjórn getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni endurmetið virkjunarkosti og landsvæði sem gildandi áætlun nær til og lagt til breytingar á henni. Það á þó ekki við ef gefið hefur verið út leyfi til viðkomandi virkjunar [...] eða friðlýsing [...] bannar framkvæmdina*“. (9. gr. laga nr. 48/2011)
- Tilgangur þessa ákvæðis er skýrður í athugasemdum með frumvarpi til laganna
- Virkjunarkostir sem ekki eru teknir til endurmats skv. framanskráðu halda fyrri flokkun sinni (í orkunýtingarflokki eða verndarflokki)



Heimasíðan



www.ramma.is